

VERÐUGT LÍF

Ég mun ekki ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, ég ætla að tala um hvað sé verðugt líf.

Ég held að það sé óhætt að segja að þessi spurning, eða efni henni tengt, verði stöðugt áleitnari eftir því sem aldurinn og vonandi þroskinn færast yfir. Ég held að á yngri árum hafi spurningin ekki verið til í mínum huga. Kannski var lífið einfaldara, fjölmargt sjálfgefið og kannski réði ég minna um eigið líf.

Ég man eftir því hvenær þessi spurning kom fyrst upp í huga mér en það var fyrir 26 árum þegar ég var við nám úti í Uppsölum, tveggja barna móðir með það þriðja á leiðinni. Ég sat við morgunverðarborðið, það var helgi og ég var að líta í gegnum sænsku blöðin. Trúlega hef ég verið að lesa Dagens Nyheter. Hvað sem því líður, þá rakst ég á viðtal við sænskt skáld, Göran Palm sem ég var afar heilluð af á þessum tíma. Hann hafði þá nýlega gefið út bók sem ég held að hafi heitið Kultur. Í viðtalinu gerir hann þetta efni að umtalsefni, fyrst og fremst út frá hvaða því innihald við gefum orðinu kultur. Í framhaldi af því var hann með vangaveltur um hvaða viðfangsefni við veljum okkur og hvernig við veljum að ráðstafa tíma okkar. Eða, ég helda að viðtalið hafi fjallað um þetta. Ég man þó fyrir víst að hann velti því fyrir sér af hverju fjöldi fólks kysi að sitja við morgunverðarborð og lesa morgunblöðin í stað þess að taka t.d. upp góða bók. Mér verður oft hugsað til Göran Palm þegar ég sit yfir morgunverðarborðinu um helgar og fletti blöðunum. Ég hef, reyndar nokkrum sinnum en ekki oft farið að ráðum hans og náð mér í bók í staðinn. Ég hef líka sagt við manninn minn, af hverju við segjum ekki hvort öðru frá atburðum vikunnar í stað þess að lesa hvað Þráinn og Sólveig eru að gera. Reyndar finnst mér þessi morguntími sem er ekki alltaf mjög snemma, vera bestí tími vikunnar.

En ég hugsa ekki bara um dagblöðin sem ég les heldur um allt þetta efni sem mér og öðrum stendur til boða og er jafnvel ýtt að okkur úr mörgum áttum. Hefur þetta efni eitthvað að gefa mér? Er þetta verðugt efni? Nú kunnu flestir að segja að mitt sé valið en er málið svo einfalt? Að nokkru leyti er þetta rétt enda hef ég valið burt ýmislegt sem mér hugnast ekki og nota þá tíma minn til annarra hluta sem ég vel mér. Nei málið er ekki einfalt. Það rak ég mig best á þegar ég setti þolmörk mín við raunveruleikabætti og ákvað að horfa ekki á ædól. Fyrst gerði ég mig óvinsæla á eigin heimili og síðan þurfti ég næstum að afsaka mig bæði á vinnustað og í hópi vina. Og það er ekki bara ædólið heldur virðist líf margra ganga út á endalausar röð raunveruleikabátta sem þeir vilja deila með öðrum. Við þetta bætast slúðurbloð, glansmyndablöð og sjónvarpsþættir með reynslusögur sem eru ekkert í ætt við Gísla á Uppsölum og ég þarf helst að vita hvað á daga þessa fólks hefur drifið og taka afstöðu til þess sem það er að fást við.

Af hverju þarf ég að réttlæta að ég þekki ekki nema fáa í þessum hópi og hef eiginlega ekki áhuga á því að vita meira? Það er eins og fólk tortryggi mig þegar ég segi þeim að ég sé ekki forvitin um hagi “fræga fólksins” og hafi fyrst og fremst áhuga á mínu eigin lífi og minna nánustu.

Lífið hefur verið mér sérstaklega mótdrægt síðan það var tekin sú óheillavænlega ákvörðun um að kaupa **Séð og heyrt** á vinnustað mínum. Allt of margir kaffitímar hafa farið á þann veg að einhver situr með **Séð og heyrt** og leitast við að auka við og dýpka þá umræðu sem þar er. Ég veit alveg hver Bubbi Morthens er en mig langar ekkert til að vita um, hvað þá ræða ástlíf hans. Ég get ekki bjargað mér á vinnustaðnum með því að stofna til nýrrar umræðu um Kárahnjúka, Framsóknarflokkinn, ástandið í Írak eða árásina á Líbanon.

Einu sinni lét ég verða af því að segja þetta hreint út og lagði til (maður þarf alltaf að vera uppbyggilegur) að við tækjum upp þann hátt að hver og ein segði

okkur frá eigin lífi í staðinn fyrir að ræða um fólk úti í bæ. Það fékk ekki hljómgrunn. Það var ekki laust við að mér dytti í hug að einhverjum hefði dottið í hug að ég væri leiðinleg kerling sem væri að setja sig á háan hest.

Kannski er ég leiðinleg en ég er ekki að setja mig á háan hest ég vil bara lifa mínu lífi. Ég vil lifa verðugu lífi.

Ég sagði áðan að áreitni á líf okkar koma víða að og í raun höfum við minni stjórn á ýmsu lífi okkar en okkur órar fyrir. Það er öflugur iðnaður í gangi við að búa til ímyndir og þær eru margar draumasmiðjurnar með tilbúna drauma handa okkur og við borgum fyrir þetta allt á einn eða annan hátt. Hver annar?

Ég á mér engan draum æðri en að fá að skapa mér mitt eigið draumaland en það er þrautin þyngri í öllu þessu áreiti sem á mér dynur. Ég varð sjálf dálítið hissa þegar ég uppgötvaði hvert ég sótti fyrirmyndirnar í þetta draumland eða draumatilveru mína. Satt að segja hrökk ég við.

Í draumalandinu mínu er ég gömul kona í litlu húsi og húsið líkist ótrúlega mikið Mörk, þar sem Ásdís amma mín bjó, eftir að þau hjónin brugðu búi. Þessi gamla kona, **ég**, á eina kú, hænur og nokkrar kindur og að sjálfsgöðu hús yfir búslóðina. Það er kolavél í eldhúsinu og það er lampi á borðinu. Það er útvarp og saumavél og **ég**, gamla konan á ekki auðelt með að þræða því sjónin er farin að daprast. Já ég varð hissa þegar ég áttaði mig á að myndin af ömmu í Mörk nærði drauma mína. Því ég veit að það var svo sem ekkert sæladarlíf í Mörk þar sem hún bjó með syni sínum sem stríddi við vanheilsu á geði og þegar hans naut ekki við, þegar hann var veikur, átti hún fullt í fangi með að ráða við þennan búskap sem framfærsla hennar byggðist á. Hún var orðin lúin og þreytt og hefði svo sannarlega átt skilið að þurfa ekki að hafa svona miklar áhyggjur, bæði af sér, búskapnum og syninum.

Lokaorð

Ég sagði ykkur í upphafi að ég réðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og nú hef ég deilt með ykkur vangaveltum mínum út frá spurningunni, **hvað er verðugt líf?**

Mér hefur reyndar aldrei dottið í hug að það sé til svar við henni. Ég veit að þetta er spurning sem hver verður að svara fyrir sig. Það eru margir að vinna í verksmiðjum draumaframleiðendanna en ég er með efasemdir um gagnsemi framleiðslunnar. Mörk er ekki lengur til og ég myndi ekki vilja vera í sporum ömmu minnar. Heimilið hjá mér er afar ólíkt og ég, amman, á erfitt uppdráttar í samkeppni við kartún og tölvuleiki. **Hvað er verðugt líf?**

Bergþóra Gíosladóttir

2. september 2006